



**Air Iceland
Connect**



SAMNINGUR MILLI AIR ICELAND CONNECT (AIC) OG ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS (ÍSÍ)

Gildir frá 1. febrúar 2019 til 31. janúar 2020

Markmið með samningi þessum er að íþróttafólk á vegum ÍSÍ, sérsambanda ÍSÍ, íþróttahéraða og einstakra íþróttafélaga, stjórnarmenn og starfsmenn ÍSÍ, sérstakra samstarfsaðila samþykka af ÍSÍ og deilda innan vébanda ÍSÍ ferðist með Air Iceland Connect.

Samningurinn gildir ekki fyrir fjölskyldur viðkomandi og ekki fyrir ferðalög íþróttafólks í einkaerindum.

Ef ákvæðum samningsins er ekki fylgt, geta báðir aðilar rift honum fyrirvaralaust og getur AIC þá rift samningi gagnvart einstökum sambandsaðilum/íþróttafélögum innan ÍSÍ.

Gegn tilgreindum hlunnindum í samningi þessum hefur AIC forgang á að flytja ÍSÍ-félaga innanlands. ÍSÍ beitir sér fyrir því við erlend íþróttasambönd að þau ferðist með AIC á leiðum þess.

AIC mun veita ÍSÍ styrk að upphæð 2.500 krónur á hvern fluglegg fyrir einstaklinga.

Einstaklingar:

AIC mun senda ÍSÍ inneignanúmer hvert með 2.500 kr inneign. 500 inneignir verða sendar í hvert skipti og hefur ÍSÍ samband við AIC áður en inneignirnar klárast og munu þá fá næstu 500 sendar. ÍSÍ félagi hefur svo samband við ÍSÍ fyrir hverja ferð og ef hann á rétt á styrk þá fær hann eitt inneignanúmer fyrir hvern fluglegg. Einstaklingurinn bókar svo á www.airicelandconnect.is og notar upphæðina upp í það almenna fargjald sem til er hverju sinni.

ATH: einungis má nota eitt inneignanúmer á mann uppí greiðslu á hverjum fluglegg. Ef fleiri en ein inneign er notuð þá áskilur AIC sér rétt til þess að taka út auka inneing og rukka viðkomandi einstakling um mismuninn.

Íþróttahópar:

Íþróttahópar bóka eftir sem áður hjá Hópadeild AIC og fá það ÍSÍ- hópafargjald sem er í boði hverju sinni.. Ath að eftir því sem bókunarfyrirvarinn er lengri því meiri líkur eru á að fá lægstu verðin.



Air Iceland
Connect



ÍSí hópafargjöld

| ÍSí | Fargjald | Skattur* frá RKV | Skattur* til RKV |
|-------------|----------|---------------------|---------------------|
| Akureyri | 10.474 | 2.390 | 1.695 |
| Egilsstaðir | 12.017 | 2.390 | 1.695 |
| Ísafjörður | 10.474 | 2.390 | 1.695 |

| ÍSíH | Fargjald | Skattur* frá RKV | Skattur* til RKV |
|-------------|----------|---------------------|---------------------|
| Akureyri | 14.404 | 2.390 | 1.695 |
| Egilsstaðir | 16.339 | 2.390 | 1.695 |
| Ísafjörður | 14.404 | 2.390 | 1.695 |

* Skattar gefnir upp hér eru í gildi 18. jan 2019. Ath að skattar geta breyst. Isavia hefur tilkynnt hækkun á sköttum frá og með 1. apríl 2019 og verða þá skattar frá RKV 2.455 kr og 1.725 kr til RKV.

- Íþróttahópur skal ferðast saman
- Hópar verða að bóka ÍSí fargjald með að lágmarki þriggja virkra daga fyrirvara.
- Staðfestingargjald þarf að borga við bókun, 2.500 kr á farþega á hvern fluglegg. Staðfestingargjaldið er óendurgreiðanlegt.
- Nafnalisti og greiðsla fyrir hópinn þarf að berast Flúgfélagi Íslands minnst viku fyrir brottför. Ef nafnalisti berst ekki skv. settum fyrirvara áskilur Air Iceland Connect sér rétt til að taka út bókun hópsins.
- Fargjald er endurgreiðanlegt að frádregnum kr. 2.500.- á hvern fluglegg, fyrir hvern farþega ef afbókað er lágmark 24 klst. fyrir brottfaratíma. Sé afbókað með minna en sólarhrings fyrirvara þá er ekkert endurgreitt nema flugvallarskattar.
- Breytingar eru leyfðar gegn kr. 2.500.- breytingargjaldi á hvern fluglegg, fyrir hvern farþega. Einnig þarf að greiða mismun á fargjaldi ef einungis er laust á dýrara fargjaldi. Þó eru nafnabreytingar leyfðar án kostnaðar.
- 20 kíló eru leyfilegur farangur/ 6 kíló handfarangur. Greiða þarf sérstaklega fyrir sértækan farangur eins og t.d. skíði og golfsett. Ef aðildarfélag ÍSí kemur með sértækan farangur í vöruafgreiðslu Flugfrakt Icelandair Cargo (samstarsaðili AIC) 24 klst. fyrir brottför að þá veitir Air Iceland Connect 50% afslátt af sértækum farangri.
- Bókanir fyrir dómara á vegum ÍSí mun fara áfram í gagnum Hópadeild AIC og munu skilmálar fyrir þá vera eins og fyrir aðra ÍSí-hópa.

Drus -
AS



Samningsslit og endurnýjun:

Samningur þessi er uppseggjanlegur með 3 mánaða fyrirvara af beggja hálfu. Samningsaðilar eru sammála um að eigi síðar en 15.12.2019 verði fundað um endurnýjun samningsins.

Reykjavík 18. janúar 2019

Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands

Líney Rut Halldórsdóttir
Framkvæmdastjóri

Air Iceland Connect

Árni Gunnarsson
Framkvæmdastjóri